

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina „pianoforte“.

1. gr.

Heiti.

Félagið er sjálfseignarstofnun sem starfar skv. lögum nr. 19/1988 og er nafn hennar Sjálfseignarstofnunin „pianoforte“. Sjálfseignarstofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Kríunesi 1, Garðabæ.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að byggja upp og styðja við klassíska píanómenningu og tengd verkefni. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að stutt verður við tónlistarhátíðir, tónlistarkennslu, tónlistarbókasöfn og fleiri viðburði sem eru til þess fallnir að bæta klassíska píanómenningu.

Til að stuðla að vexti klassískrar píanómenningar mun stofnunin láta útbúa og viðhalda vefsíðu fyrir stofnunina, en vefsíðan hefur þann tilgang að kynna og bæta klassíska píanómenningu. Einnig verður tekið við frjálsum framlögum frá einstaklingum og lögaðilum í gegnum vefsíðu stofnunarinnar og verður þeim framlögum ráðstafað í þágu markmiða stofnunarinnar.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Bankruptcy ehf., kt. 631209-0760, Kríunesi 1, Garðabæ, og leggur stofnandi fram allt stofnfé stofnunarinnar, samtals kr. 852.000.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 852.000 sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð tveimur mönnum til 5 ára í senn. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórn stofnunar er heimilt að kjósa fulltrúaráð og skal fulltrúaráð skipað þremur mönnum til þriggja ára. Fulltrúaráð tekur ákvörðun um laun stjórnarmanna, hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar, veitir umsögn um ársreikninga og ársskýrslu og veitir heimild til að ákveða sérstaka rannsókn á fjárreiðum stofnunarinnar.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykkt, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiða sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan, eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 31. desember 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.